

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Guðjón Axel Guðjónsson
Arnarhvoli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. ágúst 2006
Tilvísun: 2006060002
Bréfalykill: 50.4.3

Efni: Umsögn um virkjunarleyfi fyrir 175 kW vatnsaflsvirkjun við Selá í Hofsárdal, milli bæjanna Refstaðar og Engihlíðar.

Með bréfi dags. 15. ágúst 2006 óskaði iðnaðarráðuneytið eftir umsögn Orkustofnunar um umsókn félagsbús Refstaða ehf um að byggja og reka 175 kW virkjun í Selá, Hofsárdal milli bæjanna Engihlíðar og Refstaða.

Samkvæmt 5. gr. rafokulaga (65/2003) og 4. gr. reglugerðar um framkvæmd þeirra nr. 1040/2005 skulu eftirfarandi upplýsingar og gögn fylgja umsókn um virkjanaleyfi:

1. Nafn umsækjanda, kennitala hans, heimilisfang og upplýsingar um rekstrarform.
2. Niðurstöður rannsókna á viðkomandi virkjunarkosti.
3. Lýsing á virkjuninni, þ.m.t. kort og uppdrættir sem sýna legu og tilhögun mannvirkja, helstu tölulegar upplýsingar um virkjunina og afmörkun virkjunarsvæðis.
4. Framkvæmdaáætlun, þ.m.t. um hvenær ætlunin er að hefja framkvæmdir, hvenær þeim á að vera lokið og hvenær rekstur virkjunar á að hefjast.
5. Fjárhagsáætlun vegna framkvæmdanna.
6. Samningur um tengingu við flutningskerfið eða dreifikerfi á viðkomandi svæði.
7. Upplýsingar um hvort fyrir liggja samkomulag við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald fyrir nýtingu viðkomandi auðlindar.
8. Upplýsingar um helstu umhverfisþætti virkjunar og áhrif hennar á viðkomandi orkulind, þ.m.t. nýtingu sem fyrir er á svæðinu, eftir því sem við á. Upplýsa skal hvort um matsskylda framkvæmd er að ræða samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ef svo er skal skýrsla um mat á umhverfisáhrifum fylgja umsókninni svo og úrskurður umhverfisáhrifa um mat á umhverfisáhrifum. Þá skal eftir því sem við á gera grein fyrir þeim mótvægisáðgerðum og öðrum ráðstöfunum sem ætlunin er að framkvæma vegna umhverfisáhrifa sem virkjunin hefur samkvæmt framlögðum gögnum.
9. Upplýsingar um þau leyfi sem umsækjandi telur sig þurfa að afla frá öðrum stjórnvöldum og hvort framkvæmdin samræmist gildandi skipulagi þar sem ætlunin er að reisa virkjunina.

1. Umsækjandi er Félgasbú Refsstaða ehf, kt. 560497-2619.
2. Með umsókn fylgir disklingur með rennislíkani. Rennislíkanið er HBV líkan fyrir Selá í Selárdal, Vopnafirð, sem var lagað að vatnasviði Selár í Hofsárdal.
3. Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu er lýsing á virkjuninni, eins og hún var áformuð er farið var fram á þá ákvörðun. Sú lýsing og ákvörðun tekur mið af 140 kW virkjun. Stækkun virkjunar byggist á að færa stíflu um 100 m ofar í ána, og lengist aðrennislípan sem því nemur, skv. uppdrætti sem í gögnum umsækjanda. Orkustofnun telur ekki líklegt að það breyti miklu um umhverfisáhrif virkjunar, en stofnunin telur að umsækjanda beri að leita eftir staðfestingu Skipulagsstofnunar um matsskyldu hinnar breyttu framkvæmdar áður en leyfi er

veitt, og hefur Orkustofnun tjáð umsækjanda það símleiðis.

4.-5. Gróf kostnaðar- og tekjuáætlun fylgir (dags. 28. maí 2006), en ekki kemur fram hvort um nýja eða gamla áætlun er að ræða (verðlag).

6. Undirritaður tengisamningur liggur fyrir.

7. Staðfest samkomulag um vatnsréttindi liggur fyrir til 25 ára

8. Ákvörðun um matsskildu 140 kW virkjunar liggur fyrir og var framkvæmdin undanþegin mati á umhverfisáhrifum, sbr. þó 3. lið að ofan, en í niðurstöðum Skipulagsstofnunar er vakin athygli á ákvæðum þjóðminjalaga, en engin úttekt á mögulegum minjum hafði farið fram.

9. Bygginganefnd Vopnafjarðar hefur samþykkt að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni, og að framkvæmdaleyfi fáiast þegar endanlegar teikningar liggja fyrir og vissar ákvarðanir um byggingarefni og fyrirkomulag aðveitulagnar.

Niðurstaða: Orkustofnun hefur yfirfarið gögn þau er umsækjandi hefur skilað. Vatn til virkjunar verður tekið úr litlu inntakslóni sem myndað verður með 3 m hárrí steinsteyptri stíflu. Samkvæmt skissu um fyrirkomulag stíflunnar, legu á opi aðrennslispípunnar og upplýsinga um stærð inntakslónsins, er mikilvægt að rekstraraðili virkjunar fylgist vel með aurframburði og gæti þess að hreinsa lónið eftir þörfum. Ef stækkun virkjunar úr 140 í 175 kW breytir engu um matsskyldu að mati Skipulagsstofnunar, sér Orkustofnun enga meinbugi á að veita umbeðið leyfi.

Með kveðju

Hákon Aðalsteinsson

Elín Smáradóttir